

Reykjavík 04.01.91.

Til Menntamálanefndar  
Efri deildar Alþingis.

Varðandi 139. mál.

Bandalagið hefur meðtekið og ígrundað erindi yðar dags. 29. nóv. sl.  
og langar að gera eftirfarandi athugasemdir:


Fyrst viljum við benda á og spyrjast fyrir um afdrif máls nr. 101 frá liðnu ári og látum við hér fylgja umsögn okkar um það í ljós-riti dags. 06. mars. Okkur finnst ótækt að sundurgreining listanna skv. nýja frumvarpinu skuli aðeins ná til rithöfunda, myndlistarmanna og tónskálda. Enn einu sinni virðist eiga að sópa leiklistinni undir teppið.

Stjórn Bandalagsins list þannig á að frumvarp Þórhildar Þorleifsdóttur o.fl. um starfslaunasjóð leikhúslistafólks eigi að geta fallið inn í það frumvarp sem nú liggur fyrir til umsagnar, og það vekur satt að segja furðu að ekki skyldi vera hugsað fyrir því við samningu þessa nýja frumvarps. Hvers vegna tándist 101. mál?

Við viljum ítreka það sem kemur fram í umsögn okkar um 101. mál og horfum björtum augum fram á veginn ef leikhúslistafólk eignast loks möguleika á starfslaunum frá ríki, því það kemur til með að skila sér til áhugaleiklistarinnar og alþýðumeningarinnar með því að þá gætu áhugaleikfélögin óhrædd boðið uppá áraðin verkefni, sem myndu auðga listsköpun þeirra þegar til lengri tíma er litið.

Með vinsemi og virðingu,

f.h. stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga,

  
Kolbrún Haraldsdóttir.

Reykjavík 06. mars 1990.

Menntamálanefnd  
Neðri deildar Alþingis.

Varðandi 101. mál.

Agæta menntamálanefnd!

Í síðasta mánuðu barst Bandalaginu bréf frá ykkur þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um Starfslaunasjóð leikhúslistafólks. Við erum þeirrar skoðunar að hér sé á ferðinni hið besta mál og styðjum það eftirfarandi rökum:

Leikhúslistafólk (leikarar, leikstjórar, leikskáld, tónskáld/textahöfundar, leikmyndateiknarar, búningahönnuðir, hárkollu- og förðunar- meistarar, ljósaönnuðir, grímu- og brúðugerðarfólk, hljóðmyndasmíðir og síðast en ekki síst dramaturgar) á aðeins takmarkaða möguleika á launuðum störfum í sínum listgreinum. Þær stofnanir, sem koma við sögu sem atvinnurekendur leikhúslistafólks eru ekki margar, þar má þó nefna einar 8 stofnanir mjög mis vel stæðar til þess arna: Þjóðleikhúsið, Íslenska Óperan, Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, Alþýðuleikhúsið, Leiklistarskóli Íslands, Ríkisútvarpið/Sjónvarp og Íslensk kvikmyndagerð. Aðrir aðilar, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni, eru í flestum tilfellum þeir leikhópar sem rétt eiga á að sækja um styrki til Leiklistarráðs af fjárlagaliðnum "Til annarrar leiklistarstarfsemi" en sá liður er svo smár, að þeir sem úr honum fá greiða allan uppsetningar- og rekstrarkostnað leikhópsins áður en kemur að launagreiðslum til listamanna. Svo í flestum tilfellum er lítið sem ekkert eftir í launin. Miðað við hvað svona hópar standa að stórum hluta alls leiklistarframboðs, er svo sannarlega einkennilegt að ráðamenn skuli ekki hafa séð sóma sinn í að hækka framlag til þessa fjárlagaliðar "Til annarrar leiklistarstarfsemi", hann stendur í þremur milljónum eitt árið til. Og hvað nýsköpun og tilraunum í leiklistinni viðvíkur, þá er vettvangurinn einmitt innan sjálfstæðu atvinnuleikhópanna, en þar er aldrei neitt fjármagn, svo af sjálfu sér leiðir að í Íslensku leikhúsi eru ekki gerðar neinar tilraunir. Það er alltaf allt lagt undir og

ekkert svigrúm til að gera annað en það sem menn eru nokkuð öruggir með að syngi sig inn í hug og hjarta Markaðarins (þess mikla drottnara). Vegna þessa, sem hér er nefnt, er full þörf á sjóði sem gerði listafólkinu kleift að starfa að framþróun listarinnar án þess að þurfa stöðugt að stunda misjafnlega launað brauðstrit í almennum störfum 14 tíma á sólarhring, og þurfa að vera svo að daðra við listagiðjurnar dauðþreytt þann tíma sem það í raun rétttri ætti að fá að sofa og hvílast til að safna kröftum fyrir ögrandi verkefni á sviði lista.

Þessi eru okkar rök. Við styðjum sem sagt heils hugar þær hugmyndir sem að baki frumvarpinu liggja og kveðjum,

f.h. Bandalags íslenskra leikfélaga,

Kolbrún Halldórsdóttir.